

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Egilsstöðum, 14. nóvember 2018

**Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um landgræðslu -
(Stjórnarfrumvarp, Þingskjal 247 — 232. mál).**

Fyrir hönd Skógræktarinnar þökkum við fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til nýrra landgræðslulaga. Núgildandi lög eru að stofni til frá árinu 1965 og eru þau í flestu tilliti barn síns tíma og flest í þeim löngu orðið úrelt. Af þeim sökum fögnum við því, hljóti frumvarpið sem nú er til umsagnar skjóta afgreiðslu á Alþingi Íslendinga. Ný lög yrðu til mikilla bóta fyrir alla hagaðila og má vænta þess að þau muni treysta mjög landgræðslustarf í landinu á komandi árum.

Skógræktin leggur til eina breytingu á frumvarpinu:

Við 14. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Sem víðast verði markmið endurheimtar og eflingar vistkerfa þau að koma upp skógi eða kjarri á landgræðslusvæðum.

Skýring

Skógræktin gerir ekki aðrar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp en þær, að benda á 6. grein núgildandi laga (17/1965). Sú lagagrein hefur staðist ágætlega tímans tönn en hefur engu að síður fallið brott við vinnslu þessa frumvarps. Þar stendur „Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga. [Skógræktin] skal veita landgræðslunni leiðbeiningar um þessa ræktun.“

Í ljósi góðrar og náinnar samvinnu Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins um verkefni á borð við uppgræðslu með birki á Þórsmekursvæðinu, Hekluslóga, Þorláksslóga, Landgræðsluslóga og fleiri verkefni sem eru í undirbúningi, þætti okkur miður ef ekki kæmu fram í nýjum lögum komi svipuð ef ekki skýrari lagaheimild fyrir því samstarfi Skógræktarinnar og Landgræðslunnar um að klæða með skógi það örfoka land sem friðað er fyrir beit.

Slíkt heimildarákvæði myndi enn fremur fela í sér stefnu löggjafans um nauðsyn þess að klæða mörg hinna víðáttumiklu, skóglausu umsjónarlanda Landgræðslunnar skógi í framtíðinni. Það nauðsyn á ekki síst við á eldvirka belt landsins þar sem öskufall getur í einu veffangi kaffært lágvaðinn gróður og eytt árangri áratuga vinnu við uppgræðslu með grasi eða öðrum lágvöxnum gróðri. Skógar þola töluvert öskufall, þeir koma í veg fyrir öskufok, þeir hlífa nærliggjandi svæðum við öskufoki og hefur því verið talið afar brýnt bæði af Skógræktinni og Landgræðslunni að nýta skógrækt til varanlegrar

uppgræðslu lands. Skógar hafa og jákvæð áhrif á miðlun vatns, lífríki í ám og vötnum, bindingu kolefnis og margt fleira.

Í ljósi þess að til reiðu eru afgirt og beitarfriðuð lönd þar sem afar hagkvæmt væri fyrir ríkisvaldið að vinna samhliða að uppgræðslu og skógrækt, teljum við brýnt að halda þessu ákvæði inni.

Undirritaðir eru fúsir til að mæta á fund nefndarinnar og svara spurningum sé þess óskað.

F.h. Skógræktarinnar,

Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar

Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri

Hreinn Óskarsson, sviðstjóri samhæfingasviðs Skógræktarinnar